

Sérstök söfnun, greiðslufyrirkomulag og greiðslur til sveitarfélaga

Gerð er krafa í lögum um að söfnun á pappír og pappa annars vegar og plasts hins vegar, sé aðskilin við heimili. Í pappasöfnun fari líka dagblöð og annar pappír sem ekki ber úrvinnslugjald. Hið sama á við um söfnun plastumbúða við heimili, þar safnast einnig plast sem ekki ber úrvinnslugjald.

Heimild er fyrir því að safna gleri og málmni á grenndarstöðvum ásamt pappír, pappa og plasti. Metinn hefur verið kostnaður við sérstaka söfnun út frá ákveðnum forsendum og verkaskiptingu aðila. Gert er ráð fyrir því að sveitarfélögin útfæri söfnunina en Úrvinnslusjóður komi með fjármagnið fyrir þá vöruflokka sem greitt hefur verið úrvinnslugjald af. Eingöngu er lagt á umbúðir úr þessum efnum.

Sérstök söfnun - forsendur

Aðskilin söfnun pappa- og plastumbúða við heimili
Gler- og málmumbúðum má safna í grenndargáma og á söfnunarstöðvum

Sveitarfélög útfæra sérstaka söfnun. Úrvinnslusjóður kemur með fjármagn

Mat á kostnaði sveitarfélaga vegna sérstakrar söfnunar nær til söfnunar, íláta, aðstöðusköpunar og annars kostnaðar - umsjón og kynningar

Heimasöfnun miðar við tvær 240L tunnur (pappi og plast) sem eru tæmdar á 4 vikna fresti.

Söfnun: Kostnaður við söfnunarbíl, fjöldi íláta og áætluð heildarsöfnun

Ílát: Kostnaður við ílát, endingartími, áætlað magn

Aðstaða: 10% af kostnaði við söfnun og ílát

Annar kostnaður s.s. umsjón og kynning: 3% af kostnaði við söfnun og ílát

Greiðslum er skipt eftir landssvæðum sem skilgreind eru með pósnúmerum:

- Höfuðborgarsvæðið
- Annað þéttbýli – kaupstaðir og byggðakjarnar > 150 íbúar
- Dreifbýli – byggðakjarnar < 150 íbúar

Starfshópur sem hefur m.a. það verkefni að fara yfir gögn um raunkostnað á næsta ári við sérstaka söfnun og forsendur og greiðslur Úrvinnslusjóðs

Dæmi um forsendur: Pappaumbúðir á höfuðborgarsvæðinu

Söfnun	
- Söfnunarbíll og mannskapur	320.000 kr./dag
- Tæmingar	800 tunnur/dag
- Söfnun eftir daginn	6 tonn eða 7,5 kg/tunnu
Kostnaður við söfnun	53 kr./kg
Ílát	
- Tunnukostnaður	7.500 kr./tunnu
- Endingartími	10 ár og tunnur tæmdar 13 sinnum á ári
Kostnaður við tunnur	11 kr./kg
Annað	3% af söfnun og ílátum 2 kr./kg
Samtals	66 kr./kg

Greiðsla fyrir sérstaka söfnun fer til sveitarfélaga sem greiða þjónustuaðilum




Mat á kostnaði sveitarfélaga nær til kostnaðar við akstur á milli söfnunarstaða, tæmingu íláta, kostnað vegna tunna eða gáma (ílát), aðstöðusköpunar - sem á fyrst og fremst við um grenndargáma og söfnunarstöðvar og loks mat á öðrum kostnaði s.s umsjón og kynning. Við slíkt mat eru settar fram ákveðnar forsendur. Þær forsendur sem Úrvinnslusjóður hefur gefið sér eru að til staðar verði tvær 240 litra tunnur í heimasöfnun. Varðandi söfnunina er metinn kostnaður við söfnunarbíl, fjölda íláta sem áætlað er að tæma í hverjum hring og áætlaða heildarsöfnun. Varðandi ílátin er tekið tillit til kostnaðar við ílátið sjálft, metinn er endingartími þeirra og áætlað magn sem safnast í hverja tunnu. Grundvallarforsenda í þessum greiðslum, eins og öðrum greiðslum sjóðsins, eru að þær eru markmiðstengdar og greiðslur miðast við kr./kg sem safnast. Þeir sem nýta betur ílát og tæki fá þannig hærri greiðslur. Áætlað er að kostnaður við aðstöðu sé 10% af kostnaði við söfnun og ílát og að annar kostnaður sé 3% af kostnaði við söfnun og ílát.

Eftirfarandi er dæmi um forsendur hvornig greiðsla fyrir sérstaka söfnun pappírs og pappa við heimili á höfuðborgarsvæðinu er til komið. Kostnaður við söfnunarbíl í einn dag er áætlaður 320.000 kr. Áætlað er að tæma 800 tunnur yfir daginn og heildarsöfnunin verði 6 tonn eða að 7,5 kg safnist í hverja tunnu að meðaltali. Þannig er áætlað að söfnunarkostnaðurinn verði 53 kr./kg. Varðandi kostnað vegna íláta (tunnur og gámar) er áætlaður kostnaður við innkaup á tunnu 7.500 kr., að tunnan sé afskrifuð á 10 árum

og tæmd 13 sinnum á ári, 7,5 kg í hvert sinn. Þá niðurstaðan að ílátakostnaðurinn vegna heimasöfnunar er áætlaður 11 kr./kg, til að standa undir fjárfestingum við tunnur. Við heimasöfnun á er ekki greitt fyrir aðstöðu en 3% eða 2 kr./kg er áætlað í annan kostnað. Samtals er því greitt 66 kr./kg fyrir sérstaka söfnun á umbúðum úr pappír og pappa á höfuðborgarsvæðinu. Sjá hér neðar fleiri dæmi.

Tekið er tillit til þess að aðstæður eru ólíkar á milli svæða og reiknað fyrir þrens konar svæði. Í fyrsta lagi höfuðborgarsvæðið, í öðru lagi annað þéttbýli og byggðarkjarnar með fleiri en 150 íbúa og í þriðja lagi dreifbýli sem eru þá byggðarkjarnar með færri en 150 íbúa og aðrar dreifðari byggðir. Þessi svæði eru skilgreind og afmörkuð með póstnúmerum. Almennt er meira greitt fyrir heimasöfnun en söfnun í grenndargáma og greiðslur eru hærri vegna sérstakrar söfnunar í þéttbýli öðru en höfuðborgarsvæðið og enn hærri í dreifbýli. Ein forsendan er **að Úrvinnslusjóður greiðir sveitarfélögunum fyrir sérstaka söfnun, en þau greiða söfnunaraðilanum**, sem er þjónustuaðili eða verktaki eða sveitarfélagið sjálft.



Hér að ofan er yfirlitsmynd yfir sérstaka söfnun. Sem dæmi þá er græni flöturinn sveitarfélag t.d. á landsbyggðinni. Gerum ráð fyrir að ekinn sé söfnunarhringur og í lok dags er úrgangurinn fluttur á meðhöndlunarstöð. Meðhöndlunarstaður er hugsaður til þess að flutningur til þjónustuaðila, verði hagkvæmari og að ekki sé verið að flytja lítið magn langar leiðir. Svera brúna línar tákna flutning úrgangsins. Þjónustuaðili, skilar skilgrein til sjóðsins vegna söfnunar eins og verið hefur, en nú þarf ítarlegri upplýsingar inn í skilgreinina. Ekki nóg að skrá uppruna S (sveitarfélag) eins og áður sem upplýsingar um hvar úrganginum var safnað. **Nú þarf að skrá hvort efnið er að koma úr grenndargámi, heimatunnu eða af söfnunarstöð. Einnig póstnúmer**, þ.e. hvar á landinu söfnun á sér stað. Þetta er mjög mikilvægt þar sem greiðslur til sveitarfélaga er mismunandi eftir því efni sem safnað er, úr hvaða íláti og í hvaða póstnúmeri. Þjónustuaðilar skila skilgreinum til Úrvinnslusjóðs einu sinni í mánuði á svipuðu formi og gert er í dag, en krafist verður meiri sundurliðunar. Gögnin úr skilgreinum fara inn í gagnagrunn hjá sjóðnum og verður varpað yfir á netið. Þar geta sveitarfélög fylgst með söfnuninni, hver safnaði, hvaðan, hvaða efni og uppruna þess. Þau geta einnig séð hvað Úrvinnslusjóður muni greiða fyrir söfnunina skv. gjaldskrá sbr. forsendur hér að framan. **Gert verður upp við sveitarfélögin á þriggja mánaða fresti.**

Fjársýsla ríkisins greiðir sveitarfélögunum samkvæmt upplýsingum frá Úrvinnslusjóði. Þegar úrgangurinn er kominn á móttökustöð, meðhöndlar þjónustuaðilinn hann, kemur honum í ráðstöfun og skilar inn skilgrein um ráðstöfun samkvæmt sama fyrirkomulagi og viðhaft er í dag.

Varðandi flutningsjöfnun, þá er um að ræða tvær upphæðir. Annars vegar vegna söfnunarflutningur, innan sveitarfélagsins þegar ekið er til að safna úrganginum saman og koma honum á meðhöndlunarstað. Hins vegar flutningur frá meðhöndlunarstað til starfsstöðvar þjónustuaðila þar sem meðhöndlun og undirbúningur fyrir ráðstöfun fer fram. Þetta er sú flutningsjöfnun sem hefur verið greidd og miðast við svokallaða núllpunkta. Núllpunktar eru t.d. þar sem útflutningshafnir eru og því er hægt að ráðstafa þaðan. Ef um er að ræða sérstaka söfnun á höfuðborgarsvæðinu, þá er ekki greidd síðari tegund flutningsjöfnunar þar sem söfnunin fer fram innan svæðisins og úrgangurinn er keyrður beint til starfsstöðvar þjónustuaðilans á höfuðborgarsvæðinu. Sama á við um Akureyri og önnur þéttbýli þar sem þjónustuaðilar eru með meðhöndlunarstað.

Í tunnuna fyrir pappa safnast ekki bara umbúðir úr pappír og pappa, heldur er einnig safnað öðru efni sem ekki tilheyrir framleiðendaábyrgð Úrvinnslusjóðs. Það verkefni er nálgast með gerð úrtakskannana þ.e. mælt er hvað er í tunnunni. Nýlega var gerð slík úrtakskönnun í Reykjanesbæ og þá fæst hlutfallið milli pappírs- og pappaumbúða og annars pappírs og dagblaða. Greiðslan frá Úrvinnslusjóði er það hlutfall sem tilheyrir sjóðnum. Niðurstaðan varðandi pappa og pappír í Reykjanesbæ var að, hlutfallið var 75% umbúðir úr pappír og pappa og 25% annar pappír sem ekki tilheyrir Úrvinnslusjóði. Sveitarfélagið fengi þá greitt fyrir 75% af heildarmagni pappírs og pappa í tunnunni. Annað efni getur einnig verið í tunnunni sem ekki er pappír eða pappi og er ekki á ábyrgð Úrvinnslusjóðs, en ekki er komin niðurstaða í það hvernig ráðstöfun þess verður útfærð.

Hér fyrir neðan er dæmi um upphæðir og greiðslur Úrvinnslusjóðs fyrir sérstaka söfnun. Allar tölur eru í kr./kg. en þetta eru sýnishorn um tölur og greiðslur

Dæmi um greiðslur fyrir sérstaka söfnun umbúða

Heimasöfnun

Svæði	Pappi	Plast	Pappi og plast
Höfuðborgarsvæðið	66	141	52
Annað þéttbýli	99	199	74
Dreifbýli	189	377	141

Höfuðborgarsvæðið

Uppruni	Pappi	Plast
Heimasöfnun	66	141
Grenndargámar	31	131
Söfnunarstöðvar	12	25

Grenndargámar

Svæði	Pappi	Plast	Gler	Málmar
Höfuðborgarsvæðið	31	131	31	58
Annað þéttbýli	46	185	48	87
Dreifbýli	46	185	48	87

Upphæðir í kr./kg

Höfuðborgarsvæðið
Annað þéttbýli – kaupstaðir og byggðakjarnar > 150 íbúar
Dreifbýli – byggðakjarnar < 150 íbúar



Upphæðir sem greiddar eru fyrir söfnun pappírs og pappaumbúða og plastumbúða á ýmsum landsvæðum.

Á nokkrum stöðum hefur pappa og plasti verið safnað í sömu tunnu. **Slík söfnun fellur ekki undir skilgreininguna á sérstakri söfnun.** Ákveðið hefur verið að viðurkenna slíka samsöfnun fyrst um sinn og greiða fyrir hana 50% af meðaltali greiðslu fyrir sérsafnaðar pappírs-, pappa og plastumbúðir. Það fyrirkomulag verður endurskoðað síðar.

Greiðslur er misháar eftir uppruna úrgangsins, það eru t.d. hærra greiðslur fyrir sérstaka söfnun á pappa í heimasöfnun en söfnun pappa í grenndargáma. Áætlað er að heimasöfnun skili betri árangri, meiri söfnun og betra efni sem réttlæti hærra kostnað. Á myndinni að ofan eru einnig dæmi um kostnað fyrir þéttbýli og dreifbýli og ólík umbúðafni.

[Hér](#) er hlekkur á reiknilíkan þar sem hægt er að setja inn mismunandi forsendur (gjaldskrá Úrvinnslusjóðs) til að sjá hvað sjóðurinn greiðir fyrir sérstaka söfnun í kr./kg.

Ákveðið hefur verið að setja á fót starfshóp með fulltrúum frá Úrvinnslusjóði, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, framleiðendum og fulltrúum þjónustuaðila, sem mun rýna þessar forsendur sem liggja að baki greiðslum til sveitarfélaganna. Gjaldskrá Úrvinnslusjóðs fyrir sérstaka söfnun er líkan af raunverulegum kostnaði við sérstaka söfnun sveitarfélaga. Starfshópurinn verður stjórn Úrvinnslusjóðs til ráðuneytis um áframhaldandi þróun á þessu líkani.